## 103. Ársþing UMSS haldið í Ljósheimum 21. mars 2023

1. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS, bauð gesti velkomna, flutti ávarp formanns og setti þingið. Tilnefndi Garðar Svansson, úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, sem þingforseta.
2. Þingforseti tók til máls. Fyrsta mál á dagskrá var undirritun samstarfssamnings um 24. Unglingalandsmót UMFÍ. Samninginn undirrituðu Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri Skagafjarðar, Jóhann Ingimundarson formaður UMFÍ og Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS.
3. Þingforseti lagði fram tillögur um ritara (Þorvald Gröndal) og fulltrúa í kjörbréfanefnd (Ómar Braga Stefánsson og Hjört Geirmundsson).
4. Ritari UMSS flutti skýrslu stjórnar.
5. Formaður UMSS, fór yfir ársreikninga ársins 2022.
    a. Formaður lagði ríka áherslu á aukinn kostnað við rekstur skrifstofu, þá sér í lagi húsaleigu.
    b. Tap ársins var rétt rúm 1 milljón kr. Staðan góð enga síður þar sem staða sambandsins er góð.
    c. Enginn styrkur frá Vinnumálastofnun líkt og fyrir árið 2021.
6. Þingforseti fór yfir lögmæti fundar. Boðað var til fundarins með lögmættum hætti.
7. Formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréf og mætingu. Formaður las upp fulltrúa sem búnir voru að boða mætingu og bað þá um að staðfesta mætingu. 39 fulltrúi mættur.
    a. UMFT = 11
    b. Neisti = 4
    c. Hjalti = 2
    d. UMF Smári= 5
    e. Hestamannafélagið Skagfirðingur = 8
    f. Golfklúbbur Skagafjarðar = 5
    g. Bílaklúbbur Skagafjarðar = 0
    h. Siglingaklúbburinn Drangey = 3
    i. Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar = 1
    j. Gróska = 0

    63 áttu rétt á þingsetu, 35 boðuðu komu sína en mættir eru 39.
8. Þingforseti bar ársreikninga upp til samþykktar. Samþykktir samhljóða. Enginn á móti.
9. Þingforseti gaf varaþingforseta orðið. Varaþingforseti bauð fyrsta gest velkominn sem ávarpa vildi þingið.

    a. Garðar Svansson tók til máls. Flutti kveðju framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Kom inná hversu stórt framfaraskref það væri að UMFÍ hefðu flutt á skrifstofu ÍSÍ að Engjavegi. Kom inná þau verkefni sem ÍSÍ stendur fyrir. Nefndi ferðasjóði og mikilvægi sjálfboðaliðans í starfinu. Garðar veitti eftirfarandi aðilum starfsmerki ÍSÍ:
        i. Hjörtur Geirmundsson
        ii. Magnús Helgason
    b. Jóhann Steinn Ingimundarson formaður UMFÍ tók til máls. Flutti kveðjur stjórnar og starfsfólks UMFÍ. Sagði frá vinnu nefndar við endurskoðun íþróttahéraðanna sem kynnt verður á næstunni. Sagði frá flutningi skrifstofunnar á Engjaveg. Sagði frá vexti sambandsins en á liðnu ári sótti ÍH um aðild að UMFÍ og er svo komið að öll íþróttabandalög og hérðassambönd á höfuðborgasvæðinu eru aðillar að UMFÍ. Kom inná rekstur ungmennabúða á vegum UMFÍ. Jóhann veitti eftirfarandi aðilum starfsmerki UMFÍ:
        i. Sigurjón Viðar Leifsson
        ii. Rafn Ingi Rafnsson
        iii. Árný Lilja

        Jóhann veitti eftirfarandi aðilum gullmerki UMFÍ:

        iv. Hrafnhildur Pétursdóttir
        v. Árni Stefánsson
    c. Ómar Bragi Stefánsson kynnti 24. Unglingalandsmót UMFÍ sem fram fer á Sauðárkróki dagana 3.-6. ágúst 2023. Ómar kom inná umfang mótsins en til að reka svona mót þarf um 300 sjálfboðaliða. Ómar lagði mikla áherslu á mikilvægi þess að allir hjálpist að við að kynna mótið.

**10.** Þingforseti fór yfir þingtillögur og lagði til að hvert tillögurnar yrðu teknar fyrir.
    a. Rósa María Vésteinsdóttir alsherjar- og laganefnd
    b. Þorvaldur Gröndal íþróttanefnd
    c. Magnús Helgason fjárlaganefnd

**11.** Matarhlé

**12.** Nefndir tóku til starfa

**13.** Formaður íþróttanefndar kynnti tillögur nefndar, þær bornar upp til atkvæða. Tillögur 5 og 7 lagðar fram með breytingum. Samþykkt samhljóða.

**14.** Formaður alsherjarnefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.
    a. Tillögur 1-4, 7 og 10 - 12 lagðar fram án efnislegra athugasemda. Tillögur bornar upp til atkvæða. Allar tillögur samþykktar samhljóða.

**15.** Formaður fjárlaganefndar kynnti tillögur nefndar og þær bornar upp til atkvæða. Fjárhagsáætlun ársins 2023 lögð fram til samþykktar með 50.000 kr. afgangi.

**16.** Kosningar.

a. Formaður: Gunnar Þór Gestsson til eins árs.
b. Stjórn UMSS: Þorvaldur Gröndal til tveggja ára.
c. Varastjórn UMSS: Hrefna Reynisdóttir, Indriði Grétarsson og Elvar Einarsson.
d. Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Sigmarsson og Frímann Guðbrandsson.
e. Frjálsíþróttaráð: Sigurður Arnar Björnsson, Sigurjón Leifsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Kolbrún Þórðardóttir og …
f. Afrekssjóður UMSS: Ómar Bragi Stefánsson og Guðrún Helga Tryggvadóttir sem aðalmenn og Þuríði Elín Þórarinsdóttir.

**17.** Önnur mál:

a. Engin mál.

**18.** Formaður UMSS þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir þeirra störf og sleit þingi.